

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Akureyrar 2005-2018, nýtt iðnaðarsvæði og ljósleiðari, Rangárvöllum.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, hefur ráðherra þann 8. október 2007 staðfest breytingu á aðalskipulagi Akureyrar 2005-2018 frá 15. desember 2006.

Breytingin felst annars vegar í því að gert er ráð fyrir stofnlögn fyrir ljósleiðara frá bæjarmörkum að austan, meðfram fyrirhugaðri Miðhúsabraut og upp að tengivirkjum við Rangárvelli og hins vegar í breyttri landnotkun á svæði norðan Hlíðarfjallsvegar vestan Rangárvalla þar sem 2,6 ha opið, óbyggt svæði breytist í iðnaðarsvæði fyrir sorpmóttöku og endurvinnslu.

Samkvæmt fyrirliggjandi gögnum hefur málsmeðferð verið í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 og Skipulagsstofnun yfirfarið erindið og sent ráðherra til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisstofnun, 8. október 2007.

F. h. r.

Sigríður Auður Arnardóttir.

Logi Kjartansson.

B-deild – Útgáfud.: 24. október 2007